

# GEA MJALTAÞJÓNN DAIRYROBOT R9500

Sjálfvirka mjaltakerfið þitt. Meistaraverkið okkar.





# BÝLIÐ ÞITT. ÞITT VAL.

## Hvað er mikilvægt fyrir þig?



Einstök lausn sérsniðin fyrir sérhvert fjós.



Mjaltarútína og umferð gripa aðlöguð að hverju fjósi.



Aðlögunarhæft kerfi sem hægt er að samþætta núverandi búskap á hagkvæman hátt.



Skilvirkar og kúavænar mjaltir fyrir bestu mjólkurgæði og gripaheilbrigði.



Gerir vinnuna sveigjanlega og sparar tíma.



Gerir mögulegt að stjórna daglegum verkefnum á fljótan, auðveldan og þægilegan hátt.



Óheft, öruggt og þægilegt aðgengi að júgrum gripanna.



Arðbærar mjaltir með lágum rekstrarkostnaði.



Notendavæn tækni með aðgangi að öllum gögnum og tölum hvenær sem er.



Traustur sölu- og þjónustuaðili sem hægt er að reiða sig á allan sólarhringinn.



Öflugt og afkastamikið kerfi með lágmarksáhættu á stöðvunartíma



Sjálfbær viðskipti þökk sé kerfi með heildarframfídarsýn.



# OKKAR LOFORÐ

Sérstíðin lausn sem uppfyllir þarfir viðskiptavina og gerir þeim kleift að vinna á skilvirkan hátt dag hvern. Viðskiptavinir okkar njóta þæginda sem gerir þeim kleift að viðhalda auknu í gagnsæi í rekstri. Við viljum að viðskiptavinir okkar séu ánægðir og njóta færsældar með mjaltapjóninn frá GEA til lengri tíma lítið. Við byggjum á reynslu, gæðum og hæfni, enda höfum við stutt bændur í 100 ár.



## Hin fullkomna hönnun

Uppgötvaðu mesta sveigjanleika í fjóshönnun og mjaltarútfínu fyrir allar bústærðir þökk sé einingahugmyndinni okkar. Saman þróum við einstaka lausn hvort heldur fyrir núverandi eða nýtt fjós í samræmi við þínar óskir.



## Hagkvæmni mætir þægindum

Upplifðu vel ígrundaðar mjaltir og hjarðstjórnnum. Einstakt mjaltakerfi og miðlægur vinnuvistfræðilegur vinnustaður fyrir skilvirka og þægilega meðhöndlun á allri hjörðinni.



## Notendavæn yfirsýn

Njóttu góðs af fullu gagnsæi og einstakri hjarðstjórn og búrekstri. Það hefur aldrei verið auðveldara að fylgjast með gripagögnum, rekstrarkostnaði, afköstum og hreinleika kerfisins.



## Ávallt þér við hlið

Traust á langtíma samstarfi og þjónustu. Við leggjum áherslu á viðskiptavinir okkar, kýrnar þeirra og mjaltapjóna, frá áætlunarstigi til gangsetningar og í gegnum allan notkunartímann.



## Í nútíð og framtíð

Treystu á reynslu, gæði og hæfni. Við höfum stutt bændur í 100 ár og fylgst með heildrænni nálgun til að gera mjólkurframleiðslu sjálfbæra og hæfa til framtíðar.



# MJALTAÞJÓNNINN ÞINN, OKKAR MEISTARAVERK

Nútímaleg og háþrúð hönnun:  
Sérhver hluti DairyRobot R9500  
hefur verið úthugsaður niður í  
minnstu smáatriði. Kynntu þér þau  
nánar.

## Snertiskjár

Í augnhæð og í seilingarfjarlægð:  
á vinnustaðnum hefur þú gott  
útsýni yfir kýrnar og frjálsan  
aðgang að júgrinu hverju sinni.



Aðskilin **aðfærslueining** getur  
séð allt að fjórum DairyRobot  
fyrir rafmagni, þrýstilofti og  
vatni auk þvottaefna,  
spenadyfa og  
sóttþreinsiefna. Eftir því sem  
þú bætir fleiri mjaltaþjónum  
við aðfærslueininguna þeim  
mun minni er  
rafmagnsnotkun á hvern  
mjaltaþjón.



## Móttökueining

Mjólkin er flutt varlega stystu leið  
gegnum skynjara í mjólkurkútinn.

### Fóðurtrog

Fóðurtrogið opnast til hliðar og gerir kúnum kleift að yfirgefa mjaltaklefan fljótt og örugglega.

### Inn- og útgönguhlið

Kýrnar fara inn í mjaltaklefan frá hlið og út úr honum annað hvort til hliðar eða beint fram.

### Mjaltaklasi

Á hljóðlátan hátt sveiflast mjaltaklasinn undir kúnna með einni hliðarhreyfingu. Síðan fylgir hann sérhverri hreyfingu kýrinnar án nokkurar orkunotkunar. Jafnframt geta spenahylkin ekki fallið á gólfið.



## Einstök vettvangsstefna

Nýstárlega mjaltæiningakerfið okkar er hjarta mjaltakerfanna okkar og er að finna bæði í DairyRobot mjaltapjóninum og DairyProQ mjaltahringekjunni. Þess vegna getum við boðið upp á sérsniðnar lausnir við sjálvvirkar mjaltir allt frá 40 upp í 1000 kýr:

- Sjálvvirkar mjaltir fyrir stakar kýr á frjálsum mjaltatíma
- Hópamjaltir á ákveðnum mjaltatímum



Fjóshönnun - Mjaltarútína - Kúaumferð

# EINS OG ÞÚ VILT HAFA HLUTINA



## Hin fullkomna hönnun

DairyRobot R9500 gerir bændum kleift að vera einstaklega sveigjanlegir í fjósskipulagi og mjaltarútinu: Veldu þá fjóshönnun sem styður vinnurútinuna þína best og staðsettu mjaltapjóninn(ana) þar sem best hentar hvort heldur í núverandi eða nýrri byggingu. Þannig getur þú skipulagt kúaumferðina með frjálsum mjaltatíma eða með hópmjöltum á ákveðnum tímum.



## Helstu þarfir viðskiptavina:

Einstaklingsmiðuð lausn fyrir kúabú

Innleiðing mjaltarútinu og kúaumferðar sem hentar best hverju sinni

Aðlögunarhæft kerfi sem hægt er að samþætta núverandi búskap á hagkvæman hátt



## Einingahugtak sem heldur öllum valkostum opnum.

Við erum ekki bundin við eina lausn heldur finnum við nákvæmlega þá réttu fyrir hvern og einn viðskiptavin. Einingakerfið okkar gerir okkur kleift að setja saman nákvæmlega réttan pakka til að mæta þörfum viðskiptavina.





# Fyrirferðarminnsti mjaltþjónninn. Mesti sveigjanleikinn.

Einstaklega fyrirferðarlítill sem stakur  
mjaltþjónn eða fleiri saman.

**Tekur minna pláss en þú getur ímyndað þér.**

DairyRobot R9500 er einstaklega fyrirferðarlítill og er umfang hans aðeins 5,3m<sup>2</sup>. Þegar búið er að raða saman fleiri mjaltþjónum er hægt að spara allt að 40% af plássí miðað við aðrar gerðir mjaltþjóna. Sem hefur í för með sér lækkun á fjárfestingarkostnaði og aukinnar arðsemi.







### Fjölhæfur í notkun.

DairyRobot R9500 er hægt að nota á sveigjanlegan hátt: Kýrinn fer inn í mjaltaklefan á hlið hans og og getur ýmist farið út úr honum á hlið (K-flæði) eða beint út ( J-flæði). Þannig er hægt að raða upp einum eða fleiri mjaltapjónum á fleiri en einn máta.



#### J-flæði

Hentugt fyrir stakan mjaltapjón sem og fleiri sem raðað eru upp "haus í haus" eða hlið við hlið.



#### K-flæði

Hentugt ef staðsetja á fleiri mjaltapjóna í röð.



### Hentar alls staðar.


Hvort sem er í nýju eða núverandi fjósi með mjaltagryfju þá er auðvelt að skipuleggja staðsetningu á hentugan hátt. DairyRobot R9500 er alhliða lausn sem hægt er að samþætta nánast hvar sem er. Ef búnaðurinn er staðsettur á núverandi mjaltagryfju þá nýtist gryfjan áfram fyrir mjaltapjóninn.





# Framleiddur fyrir þig

Sérnsiðin hönnunarlausn! Við aðstoðum við staðsetningu  
mjaltapjónsins og skipulag í samræmi við innviði á staðnum í  
samræmi við óskir og kröfur viðskiptavina.



# Fjölbreyttar lausnir

Viðskiptavinir ákveða fyrirkomulaga mjalta og kúaumferðar.




Hægt að skipuleggja mjaltir í einum eða fleiri mjaltapjónum ýmist með hálf- eða fullstýrði flokkun (fyrir og/eða eftir mjaltir). Allt eftir hvað hentar hverjum og einum. Hægt er að skipta fjósinu í aðskilin svæði, legusvæði, fóðrun og mjaltir. Með snjallri kúaumferð er hægt að spara allt að 5 klukkustunda vinnutíma á hverja kú á ári.



Einnig er hægt að sameina mjaltapjóninn með kostum mjaltagryfjunnar. Með samhliða uppröðun á mjaltapjónum er hægt að skipuleggja hópamjaltir á föstum mjaltatímum.







**Sjálvirkar mjaltir með hálfstýrðri umferð:**  
Tveir mjaltapjónar í röð með flokkun fyrir og eftir mjaltir

#### Útskýringar

- A** Flokkun fyrir mjaltir
- B** Biðpláss (fyrir mjaltir)
- C** Aðgangsstýrður útgangur
- D** Gátt með sveifluhliði frá velferðarsvæði í mjaltapjón
- E** Flokkun eftir mjaltir
- F** Velferðarsvæði

#### Flokkunarhlið fyrir aukin vinnuafköst

Samþætting DairyRobot R9500 með flokkunarhliðum. Með flokkun eftir mjaltir er hægt að flokka kýr með sérparfir sjálfkrafa inn á velferðarsvæðið ef þörf krefur þar sem auðveldlega er hægt að annast þær. Flokkun fyrir mjaltir tryggir að aðeins þær kýr sem hafa mjaltaheimild hafi aðgang að mjaltapjóninum. Þetta leiðir til hámarksafkasta þar sem aðrar kýr eyða ekki tíma hans að óþörfu.

#### Einstakt fyrir GEA

Með okkar einstaka flokkunarkerfi eftir mjaltir hámarkum við kúaumferð fyrir framan mjaltapjónana. Kýr sem eru búnar í mjöltum eru flokkaðar beint út í hjörðina án viðkomu á biðsvæðinu svo þær blandist ekki við kýr sem bíða mjalta. Þetta minnkar streitu og getur aukið afköst mjaltapjóna.

## Óteljandi valkostir í hnotskurn

- Kýr fara sjálfviljugar í mjaltir (frjáls mjaltatími) eða hóp mjaltir (á ákveðnum tímum)
- Einn mjaltapjónn eða fleiri saman
- Einstakur mjaltapjónn, margir í röð eða hlið við hlið með eða án mjaltagryfju
- Frjáls aðgangur, hálfstýrð eða fullstýrð umferð
- Velferðarsvæði samþætt við flokkun
- Beitarflokkun ef þörf krefur

Mjaltaferli - Kúastjórnun - Vinnumhverfi

# FULLKOMNLEGA ÚTHUGSAÐ



## Skilvirkni mætir þægindum

Skilvirkur, hreinlegur og dýravænn; DairyRobot R9500 mjólkur hjörðina daginn inn og daginn út. Á sama tíma býður hann upp á einstakar stjórnunaraðgerðir. Snertiskjárninn og stjórnborðið sýna stöðu mjaltaferlisins hverju sinni. Auðvelt er að taka við stjórninni hvenær sem er og ef nauðsyn krefur er hægt að grípa inn í mjaltaferlið.

## Helstu þarfir viðskiptavina:

Kúavænar mjaltir með bestu mjólkurgæðum og dýraheilbrigði

Sveigjanlegar vinnureglur og tímasparnaður

Hröð og auðveld stjórnun á daglegum verkefnum á miðlægum stað

Góð yfirsýn og óheftur, öruggur og þægilegur aðgangur að júgranu við mjaltir






## Vinnuþægindi á aðlaðandi vinnustað

Einn aðili getur auðveldlega hugað að kúnum á vinnuvistfræðilegum og hreinum vinnustað. Þar fyrir utan er DairyRobot R9500 einn hljóðlátasti mjaltapjónninn á markaðinum.



# Alhliða góðar mjaltir

Allt mjaltaferlið er hannað fyrir hreinlæti, skilvirkni og þægindi jafnt fyrir menn og skepnur. Upplifunin er öruggar, mildar, fljótvirkar og fullkomnar mjaltir.




## Lykillinn að mjókurgæðum:

einstök In-Liner Everything® tækni.

Einkaleyfisvarða mjaltaferlið In-Liner Everything® framkvæmir hvert skref mjaltaferilsins allt frá örvun til spenadýfu og sótthreinsunar með einni ásetningu - fullkomnlega varið innan spenahylkjanna.



## Auðkenning grips og staðsetning. Fóðurgjöf. Ásetning



Um leið og fyrri kýr hefur yfirgefið mjaltaklefann opnast inngönguholið fyrir næstu kú.

### **Kýrin auðkennd. Stærð mjaltaklefa aðlöguð að stærð gripsins.**

Um leið og gripur hefur verið aukenndur færast fóðurtrogið í rétta stillingu eftir lengd hans. En júgrað er ávallt á sama stað í klefanum til að tryggja hraða ásetningu. Þetta sparar bæði tíma og rafmagn.

### **Ein færsla og ásetning hefst.**

Mjaltaarmurinn færast undir júgrað með einni hliðarfærslu. Sem frumkvöðlar í 3D myndavélum getum við tryggt ásetningu á aðeins 14 sekúndum við kjöraðstæður með lágmarks hreyfingum á armi. Um leið og ásetningu er lokið stöðvast allir mótórar. Mjaltaklasinn fylgir síðan öllum hreyfingum kýrinnar án þess að nota til þess rafmagn. Ef kýrin sparkar af sér sjá strengir í arminum til þess að þeir falla ekki í gólfið og skitna út. Þess í stað er sett á þegar í stað.



**In-Liner Everything® mjaltaferill.**  
Aftaka.

#### Byltingarkenndur DairyMilk M6850 frumutöluteljari

Fyrir utan að mæla leiðni, lit og hita getum við greint frumutölu hvers spena



Allur mjaltaferillinn fer fram í spenahylkjunum af öryggi og fyllsta hreinlæti.

#### Fyrirbyggjandi heilsustjórnun fyrir hvern spena.


Ýmsir snjallir eiginleikar í mjaltaferlinu okkar hjálpa til við að koma í veg fyrir sjúkdóma. Til dæmis er hver speni þveginn og örvaður í spenahylkjunum. Í stað þess að nota sérstakan bursta eða spenahylki sem fer á milli spena. Með þessu móti er komið í veg fyrir útbreiðslu baktería á milli spena og dregur því úr hættu á júgurbólgu

#### Stöðugt mjólkureftirlit úr hverjum spena fyrir sig.

Það er stutt leið fyrir mjólkina að skynjurum sem staðsettir eru í mjaltaeiningunni. Næmar greina stöðugt mjólkina úr hverjum spena. Því verða allar mælingar hraðari og mjólkurflæðið ekki truflað og engin þörf á aukaefnum við mælingar. Við mælum sérstaklega með M6850 frumunemanum sem greinir frumtölufjölda fyrir hvern spena í öllum mjóltum.

#### Nákvæm spenadýfa í spenahylki


Með spenadýfu í spenahylkinu er tryggð jöfn dreifing dýfunnar svo enginn hluti spenans verði útundan. Spenadýfa er sett á hvern spena á meðan hann er enn í lofttæmi og því teygður út innan í hylkinu. Með þessu er tryggt að spenadýfan kemst inn í allar húðfellingar á hverjum spena. Þegar tekið hefur verið af eru þeir fullkomnlega þaktir dýfu.







Þvottur og sóttgreinsun á  
spenahylkjum. Kerfisþvottur



#### Árangursrík hreinsun á milli mjalta

Við sóttgreinsun á milli mjalta er notast við peredíksýru en ekki gufu. Hægt er að aðlaga skammtinn (árstíðabundið). Við ákveðnar aðstæður er jafnvel hægt að sleppa peredíksýrunni og nota þess í stað spenadýfur frá GEA sem hylja spenana og sóttgreinsa þá.

#### Árangursríkur hringrásarþvottur


Eftir skolun með volgu vatni streymir 65° heitt vatn um kerfið blandað hreinsiefnum. Sambland vatns, hitastigs, hreinsiefna og hvirfils sér um árangursríka hreinsun kerfisins.



## Miðlæg stjórnun á öllum kúm

### Að vinna í hinum gullna meðalvegi.

Sérhver bóndi veit að 20% kúa hans hafa sérþarfir og þurfa því 80% af vinnutíma hans við kýrnar. Þessar svokölluðu kýr með sérþarfir eru til dæmis 1. kálfs kvígur eða kýr sem þarf að þjálfa í mjaltþjónin. Flokkunarhlið hámarka kúaumferðina og lágmarka vinnu. Því þarf ekki að sækja kýr með sérþarfir inn í hjörðina. Þetta köllum við að vinna í hinum gullna meðalvegi






### Mjalta og stjórnunarmiðstöðin þín

Ertu að leita að sjálvvirkum mjöltum og minna vinnuframlagi?

Við mjaltaþjóninn er miðlæg stjórnstöð þar sem ein manneskja getur séð um allt sem viðkemur mjöltunum: þar eru nýjir gripir þjálfaðir, mjólkað, hugað að og stutt við gripi með sérþarfir innan seilingar þegar hentar.

### Útskýring við mynd

- A** Mjólkurhús og kálfamjólkurbar
- B** Tæknirými með aðfærslueiningu, sogdælu, loftpressu, farm office skápi og hitatanki
- C** Skrifstofa
- D** Gátt í mjaltaþjón frá velferðarsvæði með sveifluhlíði
- E** Stýrður útgangur
- F** Flokkun eftir mjaltil
- G** Velferðarsvæði





## Allt á einum stað



DairyRobot R9500 sér um sérhverja kú því er engin þörf á auka mjaltagryfju.

**Nútíma vinnustaður með öllum aðgerðum.** Þarf að meðhöndla, þjálfa eða gelda upp kú, grípa inn í mjaltaferlið eða setja handvirk á? Stjórnborðið er staðsett innan seilingar á hreinum vinnustað. Snertiskjáriinn sýnir allt mjaltaferlið. Hægt er að hefja aðskilnaðarhaminn til að mjólka kúr með sérþarfir hverja á eftir annarri. Það sparar tíma og er sérstaklega skilvirkt.



### Aðgangur að júgrinu hvenær sem er.

Það er sérstaklega auðvelt að annast kýr með sérparfir í mjaltagryfjunni aftan við mjaltapjóninn. Endaramminn með innbyggðu júgurljósi verndar fyrir spörkum en á sama tíma veitir hann fullkomna yfirsýn yfir júgrað. Þannig gefst frjáls aðgangur að júgranu t.d til að þjálfa nýjar kýr en einnig til að meðhöndla kýr eftir að mjöltum lýkur ef þörf krefur.



### Sýnilegt mjaltaferli í rauntíma.

Rauntímastillingin sýnir allt mjaltaferlið: Auðvelt er að fylgjast með hækkandi nyt hvers gripar á snertiskjánum, stjórna og fínstilla kerfisbreytur með örfáum smellum.



## Ekki endilega nauðsynleg

Gryfja aftan við mjaltapjóninn er ekki nauðsynleg. Því hægt er að hækka vinnuskjáinn í rétta vinnuhæð.

Gripagögn - Lykiltölur - Afköst

# ALLAR UPPLÝSINGAR INNAN SEILINGAR



## Allt í augsýn

Það hefur aldrei verið auðveldara að hafa auga með gripagögnum, kerfisbreytum og rekstrarkostnaði hvenær og hvar sem er. Njóttu góðs af gagnsæi sem og lágum rekstrarkostnaði og hámarkaðu virðiskeðju mjólkurframleiðslu þinnar.

## Helstu þarfir viðskiptavina:

Aðbærar mjaltir með lágum rekstrarkostnaði

Notendavæn tækni með ókeypis aðgangi að öllum gögnum og tölum hvenær sem er.





## Hjarð- og bústjórnun með appi.

GEA var frumkvöðull í greiningu stafrænna gagna í mjaltapjónum fyrir 35 árum. Nú er kominn tími til að taka næsta skref með GEA DairyNet® sem notar nýstárlegar aðgerðir til að skipuleggja, greina og skrásetja og þróa og uppgötva næsta stig snjallbúskapar.





# Snjall búskapur með fullu gagnsæi

GEA DairyNet® hjarð -og bústjórnun.

## Góð yfirsýn yfir öll gripa- og búgögn

GEA DairyNet® gerir helstu upplýsingar búskapins aðgengilegar fljótt og örugglega. Hugbúnaðurinn er einstaklega notendavænn, aðgerðir snjallar og nýstárlegar. Verkefni, greiningar, tilkynningar og skýrslur gera kleift að stjórna daglegu lífi hjarðar og búskapins á auðveldari hátt.

## Skrifstofan í snjallsíma

DairyNet® appið sýnir á sama hátt allar upplýsingar. Innskráð tæki samstillir sig sjálfkrafa. Þannig færir það bændum, starfsfólki þeirra og jafnvel dýraækni og ráðgjafa uppfærðar upplýsingar hvar og hvenær sem er.

## Viðhald heilsufars og æxlun gripa

CowScout beiðslisgreinirinn greinir litla virkni eða beiðsli gripa og lætur vita ef kýr þarfnast athygli og gerir bændum kleift að bregðast strax við. Hægt er að láta CowScout beiðslisgreininn leiða sig að núverandi staðsetningu tiltekinnar kýr. Frá fyrstu viðvörun til skjalfestingar á meðferð eða árangursríkri sæðingu vinna GEA DairyNet® og GEA CowScout óaðfínnanlega saman.



## Alhliða innsýn í kerfi. Lágur rekstrarkostnaður.

### Vefvöktun og gagnsæ þjónusta.

Fylgst með kerfinu. Auðvelt er að athuga viðeigandi færðbreytur með kerfisvöktunarhugbúnaðinum. Ef þess er óskað getur þjónustuaðili GEA tengst mjaltakerfinu með netaðgangi til að geta veitt fjarstuðning. Einstakir þjónustusamningar GEA tryggja reiknanlegan og gagnsæjan kostnað - þar á meðal áætlaðan viðhaldskostnað.

### Mjólkureftirlit fyrir hvern spena fyrir sig án rekstrarkostnaðar

Mjólkurnemar okkar þurfa hvorki aðföng eða hvarfefni og þurfa mjög lítið viðhald. Það gera þeir með því að greina mjólkurflæðið stöðugt fyrir hvern spena fyrir sig og skila niðurstöðum mun fyrr en aðrar aðferðir. Öll frávík eru skráð sem hjálpar til að viðhalda góðu heilsufari hjarðarinnar.

### Sýnileg mjólkurframleiðsla

Gagnsæi er forgangsatriði og byrjar með með ventlum og mjólkurkútum. Gagnsær íhlutir og litlir mjólkurkútar tryggja orkusparandi og minni notkun á þvottaefnum. Mjólkurlokarnir skilja tankmjólk frá kálfamjólk á áræðanlegan hátt. Orkunýtnar dætur flytja tankmjólk varlega í mjólkurtankinn á meðan kálfamjólk er safnað saman í viðeigandi ílát.



## Vottun um hagkvæmni.

### Við höfum ekkert að fela. Hagkvæmni í orku- og vatnsnotkun vottað af sjálfstæðum aðila

Opinbera DLG prófið\* sannar að DairyRobot er hagkvæmur í rekstri. Fjölpjóna kerfi minnkar orku- og vatnsnotkun á hvern mjaltapjón verulega

Einnig er hægt að fylgjast með vatns- og orku-notkun á vatns- og rafmagnsmælum sem eru í aðfærslueiningunni.

Skipulag - Stuðningur - Hagræðing

# TRAUST LIÐSVINNA



## Þéttur stuðningur við viðskiptavin

Þjónusta okkar og stuðningur nær yfir allan líftíma mjaltþjónsins, sniðin að þörfum hvers og eins. Með frábæru neti GEA söluaðila og hjarðstjórnunarráðgjafa og áræðanlegri þjónustu erum við til staðar allan sólarhringinn.

## Helstu þarfir viðskiptavina:

Traustur sölu- og þjónustuaðili sem er til reiðu allan sólarhringinn.





## Upphaf einstaks samstarfs.

Alveg frá byrjun gerum við allt sem við getum til að endurbæta stöðugt frammistöðu hjarða, mjaltþjónsins og þar með daglegri vinnu bænda.



# Alhliða ráðgjöf. Framsýn þjónusta.

Við styðjum bændur á hverjum degi til að halda hjörðinni heilbrigðri og gera mjólkurframleiðsluna arðbæra.

**Ítarleg áætlanagerð og vel heppnuð gagnsetning, skref fyrir skref.** Við hlustum á þarfir viðskiptavina og þróum vinnuhagkvæmar aðferðir. Við leggjum sérstaka áherslu á hjörðina, til dæmis þegar kemur að framtíðar fóðuráætlun, þannig að viðskiptavinir okkar séu vel þjálfaðir og tilbúnir þegar nýr mjaltþjónn er gangsettur.

**Hagræðingaráætlun fyrir stöðugan arð af fjárfestingu.** Stuttu eftir að mjaltir hefjast venst vinnurútinan. Okkur þykir gott að geta fylgst með umferð kúa og greina möguleika til úrbóta. Þökk sé einstaklingsmati í hjarðstjórnunarkerfinu þá er hægt að þróa aðferðir til framtíðar fyrir hvert og eitt bú.





## Besta frammistaða búnaður

### Fyrirbyggjandi þjónusta á staðnum og með fjarþjónustu.

Einstakir þjónustusamningar GEA, símaþjónusta allan sólarhringinn og stafrænar lausnir veita hugarró allan lífsferil búnaðarins. Við útvegum allt sem þarf til viðhalds svo sem varahluti og hreinlætisvörur á réttum tíma. Þar að auki aðstoðum við viðskiptavinum á netinu með fjaraðgangi ef þörf krefur.

### Snögg þjónusta án þess að trufla mjaltir.

Hlífin á mjaltaeiningunni er fjarlægð og einingin dregin út: kjarnahlutir mjólkurgreiningar og -mælingar eru staðsettir í mjaltaeiningunni. Á meðan einingin er í þjónustu er annarri komið fyrir til að tryggja að mjaltir geti haldið áfram án truflunar. Einstakt fyrirkomulag þjónustu.



Þeir einu sem hægt er að uppfæra.

**Uppfæranlegur og hannaður til framtíðar.** Sjálvirkar mjaltir verða að vera varanlega skilvirkar, sjálfbærar og hafkvæmar. Þess vegna þróum við stöðugt mjaltþjóninn enn frekar.

### Nýjasta útgáfa með uppfærslum.

Er hægt að fullkomna fullkomið mjaltakerfi? Kynntu þér útgáfuna 2021 og lærðu hvernig við höfum lækkað rekstrar- og þjónustukostnað kerfisins enn frekar. Nýir eiginleikar og hagræðingar veita enn meiri skilvirkni og sjálfbærni. Óviðjafnanlegur kostur fyrir alla þá sem þegar mjólka með DairyRobot R9500 mjaltþjóni: þökk sé sameinuðum vettvangi þá er unnt að uppfæra í nýjustu útgáfuna og njóta góðs af öllum nýjungunum.



Reynsla - Gæði - Hæfni

# FULLT TRAUST TIL FRAMTÍÐAR



## Í nútíð og framtíð

Í nánu samstarfi við GEA næst heildræn nálgun sem greinir auðlindir búsins og þróar einfaldari vinnuferla, eykur þægindi gripanna og einfaldar rekstrarferla á sjálfbæran hátt.

## Helstu þarfir viðskiptavina:

Öflugt afkastamikið kerfi með lágmarksáhættu á stöðvunartíma.

Sjálfbært bú til framtíðar.





## Áralöng reynsla af mjaltakerfum

100 ára reynsla af hefðbundnum mjaltakerfum, 25 ára reynsla af mjaltapjónum, 35 ára reynsla af hjarðstýringarkerfum. Þannig byggjum við mjaltakerfi á reynslu, gæðum og hæfni.



# Við vitum hvað góðar mjaltir ganga út á

## Heil öld af þekkingu.

Um 100 ár eru síðan við settum fyrstu "Westfalia" mjaltavélina á markað. Við byggðum á þeirri löngu reynslu þegar við þróuðum fyrstu mjaltþjónana okkar fyrir 25 árum síðan - og við höldum áfram.



## Westfalia. Surge. GEA.

Við byggjum á áralangri sögu velgengni

**1883**

Westfalia  
var stofnað

**1994**

Westfalia verður  
hluti af GEA

**1999**

Samruni  
Westfalia og  
Surge

**2009**

GEA WestfaliaSurge  
verður  
GEA Farm  
Technologies

**1926**

Fyrsta  
mjaltavélin  
okkar

**1941**

Fyrsta  
rörmjalta-  
kerfið  
okkar

**1952**

Fyrsta  
mjalta-  
gryfjan  
okkar

**1962**

Fyrsta mjalta-  
hringekjan  
okkar

**1997**

Fyrsta kynslóð af  
okkar sjálfvirka  
mjaltakerfi:  
Leonardo

**2008**

Önnur kynslóð  
okkar af  
sjálfvirku  
mjaltakerfi:  
Mlone



## Skráðu þig í #NextGenerationFarming



### Velkomin í #TeamDairyRobot.


Við styðjum kúabændur um allan heim á leið þeirra í átt að sjálfbærri mjólkurframleiðslu og tökum heildræna sýn á hvert bú. Við viljum tryggja að allir menn, dýr og umhverfi sem og allar komandi kynslóðir njóti góðs af fullkominni samlegð auðlinda og búskaparháttá. Nú þegar eru þúsundir bæja í yfir 45 löndum að mjólka með GEA mjaltapjónum. Þar sem okkur er annt um viðskiptavinum okkar og framtíð þeirra eru sölumenn og starfsmenn GEA ávallt þeim við hlið. Saman mynda þeir okkar #TeamDairyRobot sem stækkar daglega. Vertu hluti af því!

### Gæði framleidd í Þýskalandi

Njóttu góðs af sjálfbærri verkfræði og fyrsta flokks framleiðslu. Fyrir okkur byrjar sjálfbærni með minnstu smáatriðum- til dæmis plasthúðuðu stálreiði sem er óslítanlegt ólíkt hefðbundnu reiði.



Okkar besta kynslóð af sjálfvirkum mjaltakerfi




2012

DairyProQ sjálfvirka mjaltahringekjan kemur á markað

2016

Monobox kynntur til sögunnar



2017

Fleiri en eitt Monobox sem nýta aðfærslueininguna

2018

Nafni Monobox breytt í DairyRobot R9500 með tilheyrandi nýjungum

**Söluaðili GEA á Íslandi**

Lífland ehf  
Brúarvogi 1-3  
104 Reykjavík  
Sími: 540 1100  
Netfang: lifland@lifland.is